



Árnessýslu 3. mars 2019

Til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga að Héraðsnefnd Árnessýslu bs.

Efni: Kaup og endurbætur á fasteigninni við Búðarstíg 22 á Eyrarbakka fyrir Byggðasafn Árneseinga (BSÁ)

Ágætu viðtakendur,

Á aukafundi Héraðsnefndar Árneseinga bs. (HNÁ) sem haldinn var í Húsinu á Eyrarbakka þann 11. febrúar 2019 var gerð eftirfarandi bókun:

„Aukafundur Héraðsnefndar Árneseinga, haldinn í Húsinu á Eyrarbakka 11. febrúar 2019, samþykkir að veita framkvæmdastjórn heimild til að bjóða í Búðarstíg 22 (Alpan húsið) í samræmi við umræður á fundinum og bjóða seljendum að Hafnarbrú 3 gangi upp í kaupverðið. Fundurinn samþykkir einnig að ráðist verði í endurbætur á stærstu skemmu hússins með það fyrir augum að leysa megi geymsluvanda byggðasafnsins. Ljóst er að ráðast þarf í endurbætur á skemmuni og er framkvæmdastjórn falið að leggja fram gögn um nauðsynlegar endurbætur um leið og sveitarfélögum verður sent erindi þar sem óskað verður samþykkis þeirra á kaupunum, endurbótum og þeim lánskuldbindingum sem þeim fylgja.

Framkvæmdastjórn er falið að vinna áfram að tillögum sem fram hafa komið varðandi framtíð Héraðsskjalasafnsins og þeim möguleikum sem gætu falist í sameiningu héraðsskjalasafna á Suðurlandi og komi með tillögu á vorkundi Héraðsnefndar 2019. framkvæmdastjórninni falið að skoða húsnæðismál Byggðasafnsins og Héraðsskjalasafnsins.“

Í framhaldi af fundinum hittist framkvæmdastjórn HNÁ til að leggja línurnar um viðræður við eigendur Búðarstígs 22. Haft var samband við Fasteignasölu Lögmannna Suðurlandi (FLS) en þeir hafa milligöngu um sölu eignarinnar. Ásett verð á eignina er 98 milljónir. Gert var eftirfarandi kautilboð:

Greitt með fasteigninni Hafnarbrú 3: 37 milljónir

Greitt með peningum við kaupsamning: 43 milljónir

Samtals: 80 milljónir

Eigendur Búðarstígs 3 gerðu eftirfarandi gagntilboð:

Greitt með fasteigninni Hafnarbrú 3: 37 milljónir

Greitt með peningum við kaupsamning: 50 milljónir

Samtals: 87 milljónir

Haft var samband við fasteignasöluna og eftir nokkrar samningaumleitanir var eftirfarandi tilboð samþykkt af báðum aðilum:



Greitt með fasteigninni Hafnarbrú 3:	37 milljónir
Greitt með peningum við kaupsamning:	46,5 milljónir
Samtals:	83,5 milljónir

Afrit af samþykktu tilboðinu er í viðauka með þessu bréfi. Miðað er við að eignin verði afhent kaupanda ekki seinna en 15. maí 2019. Einnig eru ákvæði í kautilboðinu um afhendingu og síðan leigu á Hafnarbrú 3, sjá nánar í viðauka.

Eftir nokkrar vangaveltur leggur framkvæmdastjórn HNÁ til að kautilboðið verði yfirfært á BSÁ sem verði þannig hinn formlegi eigandi húseignarinnar Búðarstígur 22. Fyrir því eru ýmis rök en m.a. þau að Hafnarbrú 3 er í eigu safnsins. Verði kaupin samþykkt af öllum aðildarsveitarfélögum HNÁ verður þessi yfirfærsla gerð með yfirlýsingu við gerð kaupsamnings.

Framkvæmdastjórn HNÁ og stjórn BSÁ óska hér með eftir heimild frá aðildarsveitarfélögum HNÁ til að ganga frá kaupum á fasteigninni Búðarstígur 22 á Eyrarbakka og að kaupin og endurbætur á húseigninni sem farið verði í á árinu 2019 verði fjármögnuð með lántöku frá Lánasjóði sveitarfélaga allt að 100 milljónum króna.

Fjárbörfin miðast við eftirfarandi:

Greiðsla fyrir Búðarstíg 22 við kaupsamning:	46,5 milljónir
Stimpilgjöld og þinglýsingargjald af skjölum:	1,5 milljónir
Sölulaun vegna Hafnarbrúar 3:	0,5 milljónir
Endurbætur á matshluta 05 við Búðarstíg 22:	40 milljónir
Annað og ófyrirséð:	11,5 milljónir
Samtals:	100 milljónir

Vegna liðarins „Annað og ófyrirséð“: Miðað er við að leigja Þjóðminjasafni Íslands um helming af matshluta 05 („stóra skemman“) og gæti því þurft að setja millivegg í húsið en kostnaður við hann er ekki inni í þeim endurbótunum sem Efla verkfræðistofa gerði áætlun um og lögð var fyrir aukafund HNÁ. Einnig er viðbúið að einhver kostnaður falli til vegna flutninga á munum BÁ t.d. úr Mundakotsskemmuni.

Meðfylgjandi eru drög að bókun sem samþykkja þarf í sveitarstjórn vegna lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga til fjármögnunar kaupanna. Textinn er fenginn frá LS. Óskað er eftir að málið verði tekið fyrir í aðildarsveitarstjórnnum við fyrsta tækifæri.

Gert 3. mars 2019
f/h framkvæmdastjórnar HNÁ
Eypór H. Ólafsson formaður
Bréfið er sent með tölvupósti.